

## Samþykkt fyrir barnaverndarnefnd Kópavogs

### I. Um skipan og umboð barnaverndarnefndar

#### 1. gr.

Barnaverndarnefnd Kópavogs starfar í umboði Bæjarstjórnar Kópavogs að stjórn og framkvæmd barnaverndarmála í bæjarfélaginu samkvæmt samþykkt þessari og barnaverndarlögum nr. 80/2002.

#### 2. gr.

Barnaverndarnefnd Kópavogs er skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara. Þeir eru kosnir af bæjarstjórn sem jafnframt kys formann nefndarinnar. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarmanna miðast við sveitarstjórnarkosningar. Barnaverndarnefnd lætur þó ekki af störfum fyrr en ný nefnd hefur verið kosin.

Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og bera gott skyn á mál þau sem barnaverndarnefnd fjallar um. Kjósa ber a.m.k. einn lögfræðing í nefndina ásamt fólki með sérþekkingu á málefnum barna. Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

#### 3. gr.

Barnaverndarnefnd skal marka sér stefnu og gera framkvæmdaráætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Nefndin skal jafnframt hafa eftirlit, beita úrræðum og jafnframt hafa með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin.

#### 4. gr.

Barnaverndarnefnd er hluti af skipuriti Félagsþjónusta Kópavogs og tilheyrir starfsmanna- og skrifstofuhaldi hennar. Félagsmálastjóri Kópavogs ber ábyrgð á rekstri og stjórnýslu barnaverndar þar með talið fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd á ákvörðunum nefndarinnar.

Starfsáætlun og fjárhagsáætlun barnaverndarnefndar er hluti af starfs- og fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Kópavogs

#### 5. gr.

Formaður barnaverndarnefndar er í forsvari fyrir nefndina. Yfirmaður barnaverndar boðar til fundarins í umboði formanns barnaverndar og í samráði við Félagsmálastjóra.

### II. Fundir barnaverndarnefndar

#### 6. gr.

Fjöldi funda barnaverndarnefndar er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skulu dagskrá og málgögn fylgja fundarboði. Fyrirvari getur verið skemmri ef mál krefjast skjótrar úrlausnar. Boða skal til aukafundar óski formaður eða tveir ráðsmenn þess. Formanni nefndarinnar er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum.

Dagskrá fundar og fundargögn skulu liggja fyrir í síðasta lagi sólarhring fyrir fund. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í barnaverndarnefnd þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá, þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls að ósk nefndarmanns.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

7. gr.

Fundir barnaverndarnefndar eru haldnir fyrir luktum dyrum. Formaður nefndarinnar stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Um fundarsköp og málsmeðferð í nefndinni, fer skv. IV. kafla samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010.

8. gr.

Barnaverndarnefnd er ályktunarfært sitji meirihluti fund enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Ef nefndarmaður getur ekki sótt fund boðar formaður varamann í hans stað.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan eða nána venslamenn, sbr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Við töku ákvörðunar samkvæmt 26. og 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 skal kalla til lögfræðing eigi slíkur ekki sæti í nefndinni eða lögfræður nefndarmaður forfallast.

9. gr.

Félagsmálastjóri eða staðgengill hans skal sitja fundi nefndarinnar ásamt yfirmanni barnaverndar, með málfrelsi og tillögurétt. Ráðið getur boðað starfsmenn barnaverndarnefndar eða aðra þá til fundar sem það telur þörf á hverju sinni.

10. gr.

Barnaverndarnefnd heldur tvær gerðarbækur. Almenna gerðarbók sem heimilt er að tölvuskra og handfærða trúnaðarbók. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok. Formaður og a.m.k. einn fundarmanna skal setja upphafsstafi sína á hverja blaðsíðu sé fundargerð á fleiri blaðsíðum en einni.

Í almenna fundargerð skal færa;

- a. númer fundar,
- b. fundartíma og fundarstað,
- c. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
- d. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- e. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- f. lýsingu á hverju fundarefni,
- g. bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við og
- h. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.
- i.

Í trúnaðarbók skal færa;

- a. tilvísun til þeirrar almennu fundargerðar sem færð er á fundinum,
- b. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- c. greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- d. bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við og
- e. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

11. gr.

Við meðferð mála hjá barnaverndarnefnd skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Barnaverndarnefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá ráðinu. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs sbr. stjórnsýslulög nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum nefndinni áður en tekin er

ákvörðun, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök. Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 50/1996.

12. gr.

Fjórir nefndarmenn hið fæsta skulu standa að úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Þar skal rekja málavexti og greina forsendur og niðurstöður. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skal vekja athygli aðila á rétti hans til að kæra úrskurð barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála eða til að bera ákvarðanir nefndarinnar undir dóm þegar það á við og um málskotsfresti.

13. gr.

Eftir að barnaverndarnefnd eða starfsmenn nefndarinnar hafa tekið ákvörðun og hún hefur verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

### III. Hlutverk barnaverndarnefndar

14. gr.

Um verkefni barnaverndarnefndar fer samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 og barnalögum nr. 76/2003. Nefndin tekur ákvarðanir og hefur eftirlit með því að samþykktum hennar og stefnumörkum sé fylgt. Barnaverndarnefnd skal ráða sérhæft starfslið eða tryggja sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti.

15. gr.

Barnaverndarnefnd hefur úrskurðarvald í málefnum einstaklinga, skv. ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002. Bæjarráði og bæjarstjórn er óheimilt að gefa barnaverndarnefnd fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála. Einnig er bæjarráði og bæjarstjórn óheimill aðgangur að gögnum og upplýsingum um einstök barnaverndarmál sbr. 13. gr. barnaverndarlaga.

16. gr.

Barnaverndarnefnd felur starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka samkvæmt reglum sem hún sjálf setur. Barnaverndarnefnd getur enn fremur í slíkum reglum framselt tilgreindum starfsmönnum vald til að taka einstakar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum. Reglurnar skulu kynntar Barnaverndarstofu.

Óheimilt er að framselja til einstakra starfsmanna nefndarinnar vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 og ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., laganna svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr. og 17. gr. laganna.

### IV. Hæfi og skyldur nefndarmanna

17. gr.

Um hæfi nefndarmanna gilda ákvæði 19. gr. sveitastjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafli stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og bæjarmálasamþykkt Kópavogsbæjar .

18. gr.

Um hæfi fulltrúa barnaverndarnefndar gilda ákvæði 19. gr. sveitastjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafli stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og Bæjarmálasamþykkt Kópavogsbæjar.

19. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi barnaverndarnefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður skal hann tilkynna um forföll til félagsþjónustunnar og boða varamann í sinn stað.

21. gr.

Félagsmálaráð hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið hennar. Nefndin hefur ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana né starfsfólki Velferðarsviðs. Kjörnir fulltrúar koma ekki að ráðningarvaldi umfram lögboðnar umsagnir, sbr. 61. og 62. grein bæjarmálasamþykktar.

Rekstur stofnana, starfsmannamál og gerð fjárhagsáætlunar er á ábyrgð sviðsstjóra velferðarsviðs og viðkomandi deildarstjóra. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir innan embættismannakerfisins fyrir rekstri og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

21. gr.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu skv. 8. mgr. 4.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundinum. Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara eðli máls samkvæmt. Fulltrúar í barnaverndarnefnd skulu staðfesta yfirlýsingu um þagnarskyldu með undirritun sinni. Fulltrúar skulu gæta þess að öll málgögn sem varða persónulega hagi manna séu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái þar ekki aðgang. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn en kjörna fulltrúa.

## V. Gildistaka

22. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi 12. janúar 2012 og fellur þá úr gildi samþykkt fyrir barnaverndarnefnd Kópavogs frá 25. janúar 2011

Samþykkt í barnaverndarnefnd 18. ágúst 2011